

Tillaga að ályktun um Bjarnarflagsvirkjun.

Aðalfundur Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra og Alþingi að taka Bjarnarflagsvirkjun úr nýtingarflokki áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlunar).

Fundurinn telur að til grundvallar þeirri ákvörðun að setja virkjunina í nýtingarflokk hafi legið ófullnægjandi og úrelt mat á mögulegum afleiðingum virkjunarinnar fyrir vistkerfi Mývatnssvæðisins og íbúa sveitarinnar.

Ennfremur að ætla megir að í litlu sem engu hafi verið litið til þess hve mikil röskun er þegar orðin á vistkerfi Mývatns og að svigrúm til inngripa hafi því verið ofmetið.

Benda má á að við gerð umhverfismats vegna virkjunarinnar árið 2003 lágu ekki fyrir niðurstöður rannsókna á þeim djúpu sveiflum sem einkennt hafa lífríki Mývatns frá árinu 1970 og hafa smám saman leitt til silungsleysis í vatninu, en þær fóru fram með gerð rannsóknarlíkans fyrir atbeina stofnvistfræðingsins Anthony Ragnars Ives og birtust í tímaritinu Nature árið 2008.

Líkanið sýndi að aðeins litlar breytingar á aðfluttu groti og kísilþörungum frá Ytri flóa Mývatns til Syðri flóa hafa mikil áhrif til hins verra fyrir mýstofnana í vatninu.

Sendinefnd Ramsar skrifstofunnar sem heimsótti Ísland á síðasta ári tekur undir áhyggjur af áhrifum virkjunarinnar á þennan þátt, hún segir:

„30. Helsta umhverfisógnin hvað varðar Ramsar verndarsvæðið er vegna leka úrgangsvatns frá jarðhitavirkjununum. Landsvirkjun segir í Umhverfisskýrslu sinni 2012 að yfirfalls vatn (þ.e. gufubéttingar og skiljuvatn), hér kallað „úrgangsvatn“ frá gufaflsvirkjunum innihaldi þungmálma og næringarefni, sem að hluta eigi sér uppruna í jarðhitavökva, og að hluta vegna tæringar í búnaði sem notaður er. Náttúrulegt magn þessara efna er breytilegt eftir svæðum og veltur á jarðhitavirkni og flæði grunnvatns. Mikið magn þessara efna getur haft áhrif á vistkerfið“.

Og:

„33. Hvað sem því líður þá bærust Ramsar sendinefndinni ekki innihaldsríkar upplýsingar um þessa framkvæmd, og hefur ekki undir höndum upplýsingar sem leitt gætu til ljósrar niðurstöðu þess efnis að niðurdældu úrgangsvatni sé hægt af öryggi að halda aðskildu frá grunnvatni sem rennur í Mývatn. Vistfræðisérfræðingar á Íslandi eru hræddir um að niðurdæling úrgangsvatns muni leiða til kólnunar í náttúrulegu grunnvatnsflæði. Stærstur hluti kísils, sem nærir ríkulega grósku kísilþörungum og fæðuvef vistkerfisins, berst til stöðuvatnsins með hveravatni sem á upptök sín í Bjarnarflagi. Vegna þess að kísilinnihald eykst við hærra hitastig, getur kæling leitt til lækkunar á innihaldi uppleysts kísils í grunnvatni sem loks berst til stöðuvatnsins“.

Ramsar skrifstofunni var kynnt niðurstaða ráðgjafastofunnar Eflu sem Landsvirkjun fól að yfirfara umhverfismatið frá 2003 og að gera úttekt á þörfinni fyrir endurskoðun þess. Sendinefndin fjallar um þá niðurstöðu og segir:

„42. Varðandi losun „affallsvatns“ (sem Ramsar sendinefndin kallar úrgangsvatn innsk. Þýð.) segir í skýrslunni frá Eflu „þá eru hverfandi líkur fyrir því að umhverfisáhrifa muni gæta í Mývatni og því ekki talin ástæða að endurskoða umhverfismat vegna þessa þáttar. Sýnt hefur verið fram á að affallsvatnið (úrgangsvatnið) þynnist hratt. Samkvæmt eftirlitsmælingum Landsvirkjunar á hugsanlegum áhrifum vegna losunar affallsvatns á yfirborði frá núverandi virkjun verður (þeirra) ekki vart í innstreymi til og í Mývatni.“ Einungis núverandi starfsemi virkjunar með vinnslugetu uppá 3MW

er notuð til sönnunarfærslu að baki ályktunar Eflu um „hverfandi líkur.“ Ekki er sett fram markverð forspá um möguleg áhrif af starfsemi væntanlegrar virkjunar uppá 90MW vinnslugetu.

43. Þar af leiðir að töluverð óvissa varðandi mögulegar breytingar á hitastigi í grunnvatni, efnasamsetningu í streymi til Mývatns, sem afleiðing fjölgunar borhola, aukinnar upptöku hveravatns, niðurdælingar og leka á úrgangs- og hveravatni í grunnvatns flæði, stendur óhöggðu“.

Nefndin fjallar enn fremur um þær athuganir sem fram hafa farið á vegum Landsvirkjunar á brennisteinsvetnismengun af völdum virkjunarinnar og hvetur til varfærni:

„35. Margir Íslendingar og útlendir gestir (circa 100.000 manns/ári) njóta þess að baða sig í rjúkandi jarðhitavatni Jarðbaðanna við Mývatn í Bjarnarflagi nærri virkjuninni, og trúa á lækningarmátt þess (fyrir húðsjúkdóma). Hvað sem því líður þá er brennisteinsvetni einnig talið eitruð lofttegund sem ertir augu, lungu og öndunarveg. Einnig liggja fyrir gögn um einkenni slæmrar heilsu í samfélögum þar sem fólk er berskjaldað fyrir lágum gildum brennisteinsvetnis í lengri tíma í nágrenni hverasvæða“.

Fundurinn vekur athygli á því að engin gögn „um einkenni slæmrar heilsu í samfélögum þar sem fólk er berskjaldað fyrir lágum gildum brennisteinsvetnis í lengri tíma í nágrenni hverasvæða“, eða rannsóknir á slíku hafa fyrir atbeina framkvæmdaaðila eða Íslenskra yfirvalda heilbrigðismála verið kynnt í tengslum við gerð jarðvarmavirkjana og hvetur stjórnvöld til úrbóta.

Sendinefnd Ramsarskrifstofunnar leggur í skýrslu sinni mjög ríka áherslu á að sérstæð náttúra Mývatnssveitar eigi með hliðsjón af tilnefningu svæðisins til Ramsar sáttmálans að njóta alls vafa gagnvart mögulegum umtalsverðum og óafturkræfum umhverfisáhrifum vegna framkvæmda. Fundurinn tekur heils hugar undir þau sjónarmið.